

Sp.

34. Fyrirspurn

[34. mál]

til félagsmálaráðherra um fjáröflun til íbúðalánasjóða á yfirstandandi ári.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Hver er staða Byggingarsjóðs ríkisins nú varðandi fjáröflun, sundurliðað á eftirtalinn hátt:
 - a) vegna framlaga og skatttekna,
 - b) frá lífeyrissjóðum,
 - c) vegna skyldusparnaðar,
 - d) úr Atvinnuleysistryggingasjóði,
 - e) vegna annarra lána?
2. Hver er staða Byggingarsjóðs verkamanna nú varðandi fjáröflun, sundurliðað á eftirfarandi hátt:
 - a) vegna framlaga og skatttekna,
 - b) frá lífeyrissjóðum?
3. Hefur verið staðið við fyrirhugaðar lánveitingar úr íbúðalánasjóðunum það sem af er þessu ári? Ef svo er ekki hvaða áform eru uppi um úrbætur?
4. Er tryggt að fyrrnefndir lánasjóðir hafi nægilegt fjármagn til eðlilegra fjárveitinga það sem eftir er ársins?